



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 15. júlí 2015, kl. 13.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Karl Kristjánsson formaður, Egill Sigurgeirsson og Rebekka Eiríksdóttir. Einnig sat
Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 1 blaðsíður.

Formaður nefndarinnar bauð fólk velkomið og setti fundinn. Formaður spurði eftir öðrum
málum á, engin önnur mál bárust, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1504021 - Ársreikningur Hafnarsjóðs Reykhólahrepps og Leiguíbúða Reykhólahrepps 2014

Lagðir voru fram ársreikningar Hafnarsjóðs Reykhólahrepps og Leiguíbúða
Reykhólahrepps.

Afkoma Hafnarsjóðs er neikvæð um 2,2 millj. kr., rekstrartekjur námu 6,2 millj. kr. og
eignir sjóðsins námu 22,5 millj. kr. Eigið fé í árslok vr jákvætt um 18,6 millj. kr.,
heildarskuldir sjóðsins voru 3,9 millj. kr.

Afkoma Leiguíbúða er neikvæð um 0,2 millj. kr., rekstrartekjur námu 2,5 millj. kr.,
eignir sjóðsins námu 58,2 millj. kr. og heildarskuldir námu 43,3 millj. kr. Eigið fé nam í
árslok um 15 millj. kr.

*Skipulags- og bygginganefnd sem fer með stjórn hafnarinnar leggur til við
sveitarstjórn að ársreikningur Hafnarsjóðs verði samþykktur. Samþykkt samhljóða.*

*Skipulags- og bygginganefnd sem fer með stjórn Leiguíbúða, leggur til við
sveitarstjórn að ársreikningur Leiguíbúða verði samþykktur. Samþykkt samhljóða.*

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 13:30
